

64  
30. des.

## AUGLÝSING

um

skipun og skifting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherrans, hefir Hans hátign konunginum 29. þ. m. allramildilegast þóknast að setja eftirfarandi ákvæði um skipun og skifting starfa ráðherra og enn fremur samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar sömuleiðis eftirfarandi ákvæði um ráðherrafundi, og koma þessi ákvæði í staðinn fyrir ákvæðin í konungsúrskurðum 12. febrúar 1917, 9. des. 1921 og 6. nóvbr. 1922, sbr. auglýsingar forsætisráðherra 31. mars 1917, 5. janúar 1922 og 15. nóvbr. 1922.

I. *Forsætisráðherra.* Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin. Alþingi, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið. Almenn ákvæði um framkvæmdarstjórn ríkisins. Skipun ráðherra og lausn. Forsæti ráðuneytisins. Skifting starfa ráðherranna. Mál, er snerta stjórnarráðið í heild.

Ennfremur utanríkismál.

Þá er forsætisráðherra forseti bankaráðs Íslands.

II. *Dóms- og kirkjumálaráðherra.* Undir dóms og kirkjumálaráðherra heyra þessi mál: Dómskipun, dómsmál. Þarundir framkvæmd hegningardóma, hegningarhús og fangahús. Tillögur um náðun, veiting rjettarfarslegra leyfisbrjefa, málaflutningsmenn. Lögreglumálefni, þarundir gæsla landhelginnar, bann gegn innflutningi áfengis og annað, er snertir áfengismál. Strandmál. Sifjarjettarmál. Erfðarjettarmál. Persónurjettarmál. Eignarrjettarmál. Yfirfjárráðamál. Kirkjumál. Heilbrigðismál. Til heilbrigðismála teljast meðal annars sjúkrahús og heilsuhæli. Kenslumál, þarundir skólar, nema sjerstaklega sjeu undanteknir. Lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskifting, umsjón um framkvæmd alþingiskosninga. Ríkisborgararjettur. Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

III. *Atvinnu- og samgöngumálaráðherra.* Undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra heyra þessi mál: Landbúnaður, þarundir ræktunarmál, búnaðarfjelög, dýralækningar, búnaðarskólar, hússtjórnarskólar. Sjávarútvegur, þarundir Fiskifjelagið. Iðnaður, þarundir iðnaðarskólar, iðnaðarnám, iðnaðarfje-

lög, einkarjettarleyfi. Vatnamál, þarundir sjerleyfi til vatnsorkunotkunar. Verslun, þarundir verslunarskólar, verslunarfjelög, kaupfjelög, samvinnufjelög. Samgöngumál, þarundir vegamál, skipagöngur, póstmál, símamál og loftskammtamál, vitamál. Sveitarstjórnarmál. Fátækramál. Þjóðjarðir. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga. Sjúkkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingarsjóðir, nema sjerstaklega sjeu undanteknir. Byggingarfjelög. Mælitækja- og vogarmál.

IV. *Fjármálaráðherra.* Undir fjármálaráðherra heyra: Fjármál ríkisins. Þarundir skattamál, tollmál og önnur mál, er snerta tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verslun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabryjefa. Fjárlög, fjáráukalög og reikningsskil ríkissjóðs. Hin umboðslega endurskoðun. Embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, Laun embættismanna. Eftirlaun, líffje, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra. Mæling og skrásetning skipa. Peningamál, þarundir peningaslátta. Bankar, sparisjóðir. Yfirleitt heyra undir fjármálaráðherra öll þau mál, er snerta fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sjerstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan.

Ráðherrafundi skal halda um frumvörp til nýrra laga eða breytingar á lögum, er ráðherra vill fram bera. Þá skal og á ráðherrafundum taka til meðferðar allar hinar mikilvægari stjórnarathafnir, þar með talin veiting þeirra embætta, er telja má varða landið mikið í heild, svo sem embætti skrifstofustjóra stjórnarráðsins, biskups, landlæknis, aðalpóstmeistara, landssímastjóra og banka- stjórnanna. Svo skal og ráðherrafund halda, er ráðherra óskar fundar um eitt- hvert mál.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðherrann, Reykjavík, 30. desember 1924.

Jón Magnússon,